



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 10-12  
150 Reykjavík.

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 28. desember 2001  
Tilvísun : IVR01060034/30.200/JÖP

Hjálögð sendist greinargerð ásamt þargreindu fylgiskjali sem tekin hefur verið saman í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum vegna fyrirhugaðra breytinga á iðnaðarlögum með tilliti til iðnráða.

Bréf þetta er sent iðnráði Reykjavíkur, Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík, Meistarafélagi húsasmiða, Félagi pípulagningameistara, Félagi dúklagninga- og veggfóðrarmeistara, Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Málarmeistarafélagi Reykjavíkur, iðnaðarnefnd Alþingis og menntamálaráðuneytinu.

F.h.r.

*Stein Ógmundur Þorsteinsson*

Fskj.

Vegna athugasemda sem komið hafa fram hjá nokkrum samtökum iðnaðarmanna um breytingar á iðnaðarlögum að því er varðar iðnráð vill iðnaðarráðuneytið taka fram að iðnaðarráðherra lagði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fram lagafrumvarp þar sem gert var ráð fyrir að iðnráð héldu áfram. Eigi væri þó um að ræða skyldu til að hafa iðnráð í hverjum kaupstað heldur heimild til að hafa þau í sveitarfélögum sem hefðu yfir 5000 íbúa.

Í iðnaðarnefnd kom hins vegar fram eindreginn áhugi á því að leggja iðnráð niður, fyrst og fremst í því skyni að einfalda málsmeðferð í sambandi við útgáfu meistarabréfa og jafnframt löggildingu á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Af hálfu iðnaðarráðuneytisins var bent á að framkvæmd iðnaðarlaga yrði ekki eins vönduð ef þessi leið væri farin og hallaðist það frekar að frumvarpinu eins og það var. Hins vegar var því lýst yfir að ráðuneytið myndi ekki leggja gegn þessari breytingu enda ekki séð að verulegir hagsmunir væru í húfi. Í sérstökum tilvikum væri unnt að leita umsagnar féлага iðnaðarmanna ef lögreglustjórum þætti það nauðsynlegt. Ekki væri hins vegar ástæða til þess að dómi ráðuneytisins að koma upp öðru almennu umsagnarkerfi í stað umsagna frá iðnráðum enda væri líklegt að það kerfi gæti orðið svifaseinna. Var hér átt við landssamtök meistara og sveina. Að því er varðar sáttahlutverk iðnráða var bent á að ekki reyndi ýkja oft á það á þenslutímum en ef til þess kæmi mætti m.a. leita til menntamálaráðuneytisins og þá starfsgreinaráða vegna hugsanlegra tengsla slíkra mála við ákvæði námsskráa beint og óbeint um mörk milli iðngreina. Þá er áfram möguleiki á að kæra til refsingar fyrir brot á iðnaðarlögum í slíkum tilvikum.

Af framansögðu er ljóst að iðnaðarnefnd Alþingis, en ekki iðnaðarráðuneytið, átti framkvæðið að því að iðnráð yrðu lögð niður með breytingu á lögum. Rök nefndarinnar koma fram í hjálögðu nefndaráli. Iðnaðarráðuneytið hefur lýst afstöðu sinni hér að framan til þessa framkvæðis. Að því er varðar umsagnarhlutverk iðnráða mundu lögreglustjórar eða fulltrúar þeirra þá sjálfir athuga hvort sveinsbréf væri fyrir hendi, gögn um nauðsynlegt meistaraskólanám og vottorð um starf hjá meistara að loknu sveinsprófi án þess að leita umsagnar en í undantekningartilvikum gætu þeir leitað til umsagnaraðila. Iðnaðarráðuneytið fær eigi séð að með slíkri breytingu sé vegið að hagsmunum iðnaðarmanna vegna framkvæðis iðnaðarnefndar þótt það hefði talið ívið betra að fara þá leið sem það lagði til í upphaflegu frumvarpi til að tryggja vandaðri framkvæmd iðnaðarlaga. Er ráðuneytinu reyndar kunnugt um að iðnráð hafi viljað sinna lögbundnu starfi sínu af alúð.